

# Íslenski hesturinn

**Stuðningur ríkis, stjórnsýsla og félagslegt bakland**

Úttekt: Bjarni Snæbjörn Jónsson

Apríl 2011

# Inngangur

Í þessu skjali er að finna umfjöllun um starfsemi og stuðning á vegum ríkisins er snýr að málefnum hestamennsku og íslenska hestsins. Verkið er unnið af Bjarna Snæbirni Jónssyni fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Í verksamningi er áskilið að gera skuli úttekt á opinberum stuðningi og umgjörð stjórnslu tengda íslenska hestinum, en auk þess kortlagningu á hagsmunum, félagsstarfi og útlistun á ýmsum álitamálum sem tengjast málefningu.

Verkið var fyrst og fremst unnið út frá fyrirliggjandi upplýsingum um fjárframlög og kostnað ríkisins. Reynt var að takmarka gagnaöflun sem mest við það sem var hægt að tengja málefningu með tiltölulega skýrum hætti.

Það er ljóst, að hagsmunir af starfsemi í kringum íslenska hestinn liggja víða og eru hagrænir og viðskiptalegir hagsmunir umtalsverðir. Úttekt á heildarmyndinni að því er þetta varðar er vissulega áhugaverð, en er ekki hluti af þessu verkefni. Fyrst og fremst er reynt að varpa ljósi á stjórnslu- og hagsmunatengsl til þess að gefa mynd af umfangi málaflokksins.

Fjallað verður um ýmis álitamál sem komu fram við gerð þessarar úttektar og hafa komið fram í samtölum á ýmsum stigum hennar, en ekki eru gerðar beinar tillögur um breytingar. Að mati höfundar þarf slíkt að koma í kjölfar umræðu meðal þeirra sem málið varðar.

Það mikilvægt að hafa það í huga við yfirllestur þessarar úttektar, að reynt er að tiltaka þá þætti sem hafa augljósa þýðingu fyrir þessa starfsemi og geta kallað fram umræður um breytingar og frekari útfærslu. Hins vegar er ekki við því að búast að samantektin verði að öllu leyti tæmandi þegar um svo viðamikinn málaflokk er að ræða, eins og áður er dregið á.

Það er ljóst, að starfsemi sem varðar íslenska hestinn kemur mjög víða við með flóknum þráðum tekna og gjalda sem að nokkru leyti er erfitt að greina og jafnframt er ekki innan ramma þessa verkefnis. Að gera heildstæða úttekt á öllum þáttum málsins er efni í mun viðameiri rannsókn sem vissulega er tilefni til en eins og áður segir, takmarkast umfjöllun við fjárútlát ríkisins og þá starfsemi sem þessir fjármunir fara til.

Fyrir hönd ráðuneytanna komu eftirfarandi að verkefninu:

- Karitas H. Gunnarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Kristinn Hugason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
- Óskar Þór Ármannsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Auk ofangreindra komu eftirfarandi að vinnslu fjárhagslegra upplýsinga

- Hellen Gunnarsdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Jenný Bára Jensdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Guðmundur Björn Eypórsson, Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
- Helgi Helgason, Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri

## Efnisyfirlit

1. Þarfasti þjónninn

2. Íslenski hesturinn – þarfasti þjónninn

3. Fjárframlög til málefna íslenska hestsins

4. Nokkur atriði til umhugsunar

5. Niðurstaða og nokkrar spurningar



# Íslenski hesturinn – þarfasti þjónninn

Sjálfsgagt er fátt jafn samgróið sögu og menningu íslensku þjóðarinnar og íslenski hesturinn. Hesturinn hefur frá upphafi Íslandsbyggðar verið brúkaður í landbúnaði bæði til reiðar og dráttar og verið aðalsamgöngutæki landsmanna á landi áður en vélknúin ökutæki komu til sögunnar. Auk þessa hefur alltaf ríkt sérstakt samband milli hests og manns og það samband er stór hluti af menningarsögu Íslands.

Við innreið tækninýjunga í landbúnaði og samgöngum hefur hlutverk íslenska hestsins eðlilega breyst og snýst nú fyrst og fremst um tómsundurir og íþróttir auk þess sem umfangsmikil ræktun og viðskipti eru stunduð með hross bæði hér á landi og til útflutnings. Margskonar atvinnu- og þjónustustarfsemi er jafnframt tengd notkun hestsins. Nú er svo komið að hestamennska er með fjölmennustu íþróttu- og tómsundagreinum hér á landi.

Hestamennska er að ýmsu leyti sérstæð þar sem hún snýst um lifandi skepnu til brúkunar sem krefst margþættrar starfsemi í ræktun og hirðingu. Þar af leiðir að stoðkerfi þessarar greinar liggur víða og hagsmunir sömuleiðis.

Á næstu bls. eru sýnd nokkur helstu innbyrðis tengsl hrossaræktar og hestamennsku hér á landi og hvernig einstök ráðuneyti tengjast mismunandi hlutum stoðkerfis hestamenskunnar, hvort sem um er að ræða félagsstarfið sjálft eða aðstöðu og aðra þá umgjörð sem greinin byggir á. Myndin er ekki tæmandi og má lengi bæta við margskonar tengslum innbyrðis. Tilgangurinn með yfirlitinu er fyrst og fremst að sýna hversu víða íslenski hesturinn kemur við í stjórnsýslu og félagsstarfsemi landsmanna og hversu viðamikil stoðkerfi hestamenskunnar er í formi húsnæðis, mótssvæða og reiðvega, svo eitthvað sé nefnt.

Á myndinni á bls. 4, eru helstu þættirnir settir fram í mismunandi litum til þess að greina á milli: Stjórnsýsla (rautt), stoðkerfi hins opinbera bæði á sviði þekkingar, eftirlits og viðskipta (gult), félagsstarf (blátt) og innviðir og aðstaða (grænt).

Auk þeirra ráðuneyta sem fyrst og fremst koma að málefnum hestsins, eru bæjar- og sveitarfélög mikilvægur hluti af stoðkerfinu, bæði vegna tómsunda- og íþróttastarfsemi á hverjum stað en jafnframt vegna þeirrar aðstöðu sem hestamennsku er búin. Nánari umfjöllun um einstaka aðila er að finna á bls. 5.


Örvar sýna tengsl innbyrðis. Ekki er unnt að fullu að sýna öll innbyrðis tengsl og flæði milli einstakra aðila innbyrðis en látið nægja að sýna það sem er til þess að gefa til kynna hið eiginlega flækjustig sem ríkir í þessu efni. Rauðar örvar tákna einskonaar boðvald þ.e. að í þeim liggur vald til ákvarðana gagnvart öðrum en bláar örvar tákna hins vegar annarskonar samband, hvort sem er samráð eða samvinnu.

Jafnframt eru aðilar mun fleiri en hér er sýnt, þar sem einstakir hlutar myndarinnar sýna einungis einskonaar safnheiti, eins og hestamannafélög, International Federation of Icelandic Horse Associations (FEIF) og aðila í ferðaþjónustu á sama hátt og einstakir hlutar stoðkerfisins, s.s. mótstaðir, reiðhallir o.s.frv.

# Helstu stjórnýslu- og samstarfsþræðir hestamennskunnar

Rautt: Opinber stjórnýsla; gult: Stofnanir; blátt: Samtök og félög; grænt: Innviðir

Bláar örvar: Samráð, samstarf, stuðningur; Rauðar örvar: Boðvald



# Yfirlit yfir helstu hagsmunaaðila

Á næstu þremur bls. er jafnframt um að ræða yfirlit yfir helstu þætti í baklandi og stjórnsýslu vegna hrossaræktar og hestamennsku með nánari skýringum. Eins og áður er leitast við að taka helstu áhrifaþættina og þau félög og stofnanir ásamt helstu verkefnum sem snerta málefnið.

Nokkur atriði er vert að benda sérstaklega á í þessu sambandi:

Hér á landi er það félagskerfi sem fæst við ræktun og brúkun hrossa þrískipt: Landssamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda og Félag tamningamanna. Að mati sumra innan vébanda þessara félaga, einkum innan LH, skarast verkefni þessara félaga og samtaka nokkuð.

Starfsemi erlendis sem lýtur að notkun íslenska hestsins er mjög vaxandi og í raun vaxandi afl í málefnum íslenska hestsins almennt. Í hverju landi er öll starfsemi hjá einum samtökum í stað þriggja hér. Eins og nú háttar til eiga bæði LH og BÍ aðild að FEIF (International Federation of Icelandic Horse Associations) en spurning er hvernig Ísland heldur best stöðu sinni sem upprunaland og forystuaðili í ræktun og notkun íslenska hestsins á heimsvísu.

Notkun hestsins er núorðið að mestu leyti bundin við íþrótt- og tómstundastarf. Á síðustu öld urðu gagngerar breytingar á notkun hestsins úr því að vera aðallega nýttur í landbúnaði í það að nýtast til íþrótt- og tómstundaíðkunar. Flækjustigið í þessu ferli skapast hins vegar af því að hesturinn er lifandi dýr sem er ræktað og hirt út frá sömu lögmálum og önnur nytjadýr í landbúnaði s.s. nautgripir og sauðfé. Af þessum sökum er ekki allskostar ljóst hvort og þá hvernig skilgreina skuli forræði með þessum málaflokki innan stjórnsýslunnar. Eðlilegt er að álykta að í þeirri umræðu sem rætt er um í niðurstöðum hér á eftir verði þessi þáttur mikilvægur.

Á yfirlitunum hér á eftir er farið nokkru nánar í einstaka hluta stoðkerfisins. Yfirlitið er er í þremur hlutum:


1. Þekking og rannsóknir
2. Félagskerfi
3. Verkefni og stofnanir

Á sama hátt og áður er ekki um tæmandi upptalningu að ræða en leitast við að sýna helstu þættina til þess að hægt sé að meta mikilvægustu aðilana í samstarfsnetinu.

# Yfirlit yfir helstu stofnanir og verkefni á sviði þekkingar og fræðslu




# Yfirlit yfir helstu verkefni á sviði innviða og aðstöðu





# Yfirlit yfir helstu heildarsamtök hestamanna og ræktenda



# Fjárframlög ríkisins til málefna íslenska hestsins 2005 -2010

Eftirfarandi eru yfirlit yfir fjárframlög ríkisins til einstakra stofnana, félaga og verkefna tengdum hestamennsku.

Málefnum íslenska hestsins er í raun skipt niður á þau tvö ráðuneyti sem koma helst að þessum málum, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hins vegar. Einnig koma að þessum málum önnur ráðuneyti að einhverju marki, einkum umhverfisráðuneyti vegna leyfisveitinga og eftirlits með aðstöðu og innanríkisráðuneyti vegna reiðvega og iðnaðarráðuneyti vegna ferðapjónustu og stuðnings við útflutning.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirlitum er ekki samræmi á milli fjárframlaga til einstakra verkefna og heimilisfesti þeirra út frá eðli starfseminnar. Það stafar einkum af því að skil á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis annars vegar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hins vegar eru á margan hátt óljós þegar um þennan málaflokk er að ræða. Ástæður þess eru að mörgu leyti eðlilegar þar sem nýlega var starfsemi landbúnaðarháskólanna færð frá þáverandi landbúnaðarráðuneyti til menntamálaráðuneytis og enn eru mörg verkefni á þessu sviði sem bæði ráðuneytin láta sig varða.

Á bls. 10 er tafla sem sýnir heildarframlög einstakra ráðuneyta á hverju ári til málefna hestamennsku. Jafnframt kemur fram á bls. 10 hvernig þessi fjárframlög skiptast eftir einstökum verkefnum og ráðuneytum á þessu tímabili.

Á næstu síðum sést hvernig framlög hafa greinst eftir starfsemi og ráðuneytum.

Eins og sjá má, hafa framlög verið hæst árið 2008, tæplega hálfur milljarður, en það ár voru óvenju há framlög til reiðhalla og landsmóts. Þegar litið er til tímabilsins í heild eru fyrirferðamest framlög til reiðvega samtals 354 mkr. á tímabilinu, reiðhalla samtals 310 mkr. og landsmóts samtals 151 mkr. Kostnaður við rekstur hestafræði og tengdrar starfsemi við Hólaskóla var samtals 741 mkr. á tímabilinu, en hluta þess var skólinn á forræði sjávarútvegsútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, en hefur síðan 2008 verið á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Kostnaður við kennslu í framhaldsskólum nam rúmlega 20 mkr. árið 2010, en ekki liggur fyrir kostnaður vegna fyrri ára.

Jafnframt eru tölur við kostnað leiðbeiningarþjónustu Bændasamtaka Íslands áætlaðar fyrir hvert ár byggt á upplýsingum frá forstöðumanni ráðgjafasviðs BÍ um kostnað að frádregnum sértekjum.

# Fjárframlög ríkisins til málefna íslenska hestsins 2005 -2010

Framlög í heild eru samkvæmt fyrirbyggjandi tölum rúmir 2 milljarðar á tímabilinu 2005 – 2010. Framlög innanríkisráðueytis eru eingöngu tilkomin vegna reiðvega.

## Bein árleg framlög ríkisins til málefna hrossaræktar og hestamennsku í þús.kr.

	M&M.rn	S&L.rn	Innanr.rn	Samtals
2005	96.156	61.870	50.000	208.026
2006	122.816	82.524	52.000	257.340
2007	160.034	112.729	60.000	332.763
2008	174.937	287.107	62.000	524.044
2009	174.167	100.319	70.000	344.486
2010	198.631	146.632	60.000	405.263
<b>Samtals</b>	<b>926.741</b>	<b>791.181</b>	<b>354.000</b>	<b>2.071.922</b>

Ef litið er á framlög til einstakra þátta eða verkefna tengdum hestamennsku, hefur þeim verið skipt þrjá flokka:

1. Menntun, fræðsla og rannsóknir
2. Íþróttir og tómsundurir
3. Ræktun, aðstaða og viðskipti

## Framlög til einstakra verkefnaflokka hestamennsku í þús. kr.

	Mennt./ranns.	Íþr./tómst.	Rækt/aðstaða	Samtals
2005	110.706	11.740	85.580	208.026
2006	132.966	22.095	102.279	257.340
2007	164.009	27.144	141.610	332.763
2008	189.687	102.200	232.157	524.044
2009	177.667	33.679	133.140	344.486
2010	206.433	21.900	176.930	405.263
<b>Samtals</b>	<b>981.468</b>	<b>218.758</b>	<b>871.696</b>	<b>2.071.922</b>

Tæplega 90% af heildarútgjöldum ríkisins á umræddu árabili hefur farið til 5 stofnana og verkefna, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. 10% skiptast síðan á fjölmörg smærri mál innan 27 málaflokka, eins og fram kemur í yfirlitum bls. 11 – 13 hér á eftir.

## Stærstu gjaldaliðir Fjárhæð

Hólaskóli hestafr.	702.617
Rannsóknir	232.698
Reiðhallir	395.155
Reiðvegir	354.000
Landsmót	157.500
<b>Samtals</b>	<b>1.841.970</b>

# Framlög til þekkingar, fræðslumála og rannsókna í þús. kr.

Hér að neðan er tafla yfir framlög til einstakra opinberra stofnana á sviði náms, rannsókna og fræðslu árin 2005 – 2010. Ekki liggja fyrir tölur yfir kostnað vegna framhaldsskóla önnur ár en 2010, en auk þess fer fram kennsla í tveimur öðrum fjölbrautarskólum á þessu sviði án þess að um það komi fram fjárhagslegar upplýsingar.

Lögð var áhersla á að setja fram einungis þær tölur sem hægt er að sannreyna með nokkurri vissu,

<i>Framlög til náms, rannsókna og fræðslu 2005 – 2010 í þús. kr.</i>										
	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum				Sögusetur	LBHÍ Hvanneyri	Tilr.st HÍ Keldum	Framhalds- skólar	Knapa- merki	Samtals
	Hestafr.	Kynbótabú	Rannsóknir	Ósundur- liðað						
2005	81.800	4.300	3.026	5.450	0	1.830	14.300			110.706
2006	87.700	5.500	1.926	13.000	1.500	2.040	21.100		200	132.966
2007	117.400	10.000	1.494	2.500	6.000	8.190	18.425			164.009
2008	133.800	12.400	637	2.000	8.600	19.650	12.600			189.687
2009	115.000	11.200	1.417	4.000	7.750	15.700	22.600			177.667
2010	113.000	10.517	1.043	0	1.200	13.780	45.990	20.701	200	206.431
Samtals	648.700	53.917	9.543	26.950	25.050	61.190	135.015	20.701	400	981.466

# Framlög til íþróttá og tómstundamála í þús. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til einstakra verkefna og samtaka á sviði íþróttá, tómstunda og félagsstarfs hestamanna árin 2005 – 2010 í þúsundum króna. Í öllum tilvikum er um að ræða bein framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti samkvæmt upplýsingum úr þessum ráðuneytum. Miðað er við rauntölur hvers árs.

<i>Framlög til íþróttá, tómstunda og félagsstarfs 2005 – 2010 í þús. kr.</i>												
	ÍSí	Landssamb. hestamanna- félaga	Félag Tamninga- manna	Hestamanna félög	Meistara- deild	Landsmót	Heims- meistaramót	Önnur mót	Reið- námskeið	Æskan og hesturinn	Annað	Samtals
2005	600	0	1.000	540		5.000	2.400	300	1.500	300	100	11.740
2006		2.600	1.545	500		15.000				450	2000	22.095
2007		9.878	3.191	345		10.000	1.500		1.730	500		27.144
2008		5.300		450		96.000			200	250		102.200
2009		12.479		1.150	1.000	15.000			2.300		750	32.679
2010		4.600		450	100	16.500		1.000		150		22.800
Samtals	600	34.857	5.736	3.435	1.100	157.500	3.900	1.300	5.730	1.650	2.850	218.658

# Framlög til ræktunar, aðstöðu og markaðsmála í þús. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til einstakra verkefna og stofnana á sviði ræktunar og heilbrigðis, en jafnframt þar sem um er að ræða verkefni vegna margskonar innviða s.s. reiðvega, reiðhalla og tamningaaðstöðu og verkefna sem lúta að markaðsmálum íslenska hestsins erlendis.

Framlög eru í lang flestum tilvikum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, en innanríkisráðuneyti hefur lagt fram til reiðvegagerðar á mótí sveitarfélögum fjárhæðir sem fram koma í töflunni. Framlög sveitarfélaganna eru hins vegar ekki tekin með.

<i>Framlög til ræktunar, aðstöðu, viðskipta o.fl. árin 2005 - 2010 í þús. kr.</i>												
	Bænda- samtökin	Félag Hrossa- bænda	Kynbóta- sýningar	Reiðhallir	Tamninga- aðstaða	Ferða- þjónusta	Útflutningur	Íslandsstofa	Reiðvegir	Matvæla- stofnun	Aðbúnaður og hollusta	Samtals
2005	7.850	1.000	500	8.490	11.290		1.450	5.000	50.000			85.580
2006	9.860	1.545		14.000	13.530	4.000		5.944	52.000		1400	102.279
2007	11.560	750		40.000	9.500	2.300		17.000	60.000		500	141.610
2008	7.250	3.742	700	133.000	21.465	4.000			62.000			232.157
2009	8.840	1.800	300	35.000	6.300	1.750	2.000		70.000	2850	4300	133.140
2010	9.000	1.000		90.000	12.580		1.000		60.000	2.850	500	176.930
Samtals	54.360	9.837	1.500	320.490	74.665	12.050	4.450	27.944	354.000	5.700	6.700	871.696

# Nokkur atriði til umhugsunar varðandi umgjörð hrossaræktar og hestamennsku (1)

Eftirfarandi eru nokkur atriði til umhugsunar í framhaldi af þeirri athugun sem gerð var grein fyrir hér að framan.

Margir samverkandi þættir valda því að umgjörð hrossaræktar og hestamennsku er um margt flókin og viðamikil. Eðli málsins samkvæmt kemur þetta ekki á óvart, því hesturinn er samofin menningu Íslendinga í gegnum aldirnar og kemur víða við í því tilliti.

Engu að síður er margt sem kallar á umræðu og stefnumótun. Miklar breytingar síðustu ára kalla á skoðun og endurmat eins og eðlilegt er. Nægir þar að nefna vaxandi fjölda fólks sem nýtir hestinn til íþróttar og tólmstunda, alþjóðavæðingu íslenska hestsins og aukna fagmennsku í ræktun og tamningum.

Eftirfarandi er bent á nokkra þætti sem að mati skýrsluhöfundar eru einkum umhugsunarverðir. Í því efni verður leitast við að benda á þau meginatriði sem sýnt er að geti haft veruleg áhrif á framtíð hestamennsku hér á landi og hlutverk Íslands á alþjóðavettvangi sem upprunaland íslenska hestsins.

## Hagsmunir vegna íslenska hestsins

Það er ljóst að hagsmunir í kringum ræktun og notkun íslenska hestsins eru bæði miklir og margvíslegir. Í þessari samantekt er einungis dregið á eina hlið málsins sem tengist opinberum framlögum til málaflokksins, en það er ljóst að í heild er um mjög mikla hagsmuni að ræða sem snerta viðskipti, ferðaþjónustu, íþróttir og tólmstundir og þar með forvarnarstarf og endurhæfingu svo eitthvað sé nefnt.

Margir ólíkir aðilar fjalla um málefni hestins. Í ljósi þessara miklu og margvíslegu hagsmuna vaknar spurningin um það hvort ekki sé ástæða til þess að þeir sem fjalla um málaflokkinn ræði fyrirkomulag og umgjörð með það að markmiði að sammælast um stefnu í málefnum íslenska hestsins og treysta stöðu hans sem best til framtíðar.

## Alþjóðavæðing

Nú eru starfandi alþjóðleg samtök íslenska hestsins, FEIF, en aðild að þeim eiga 19 landssambönd sem hafa innan sinna vébanda alls 476 hestamannafélög með um 60.000 meðlimi. Orðrétt er sýn samtakanna á hlutverk sitt eftirfarandi:

**FEIF is bringing people together  
in their passion  
for the Icelandic horse**

Þessi sýn er einföld og miðar að því að sameina alla þá sem hafa ástríðu fyrir íslenska hestinum eins og það er orðað. Hin alþjóðlega starfsemi á sér ekki sögu með sama hætti og hér á landi þar sem hesturinn er samgróinn þjóð og menningu. Skipulag erlendis í kringum þessa starfsemi er því á margan hátt einfaldari.

Það sem ekki síst er mikilvægt umhugsunarefni er hvernig forystuhlutverk Íslands sem upprunaland íslenska hestsins verði sem best tryggt. Skilyrði þess eru m.a. þau að hér sé ótvíræð forysta í fræðastarfsemi og rannsóknum, ræktun hestsins og þróun honum viðkomandi ekki síður í hestaíþróttum sem endurspeglast í árangri á alþjóðavísu.

# Nokkur atriði til umhugsunar varðandi umgjörð hrossaræktar og hestamennsku (2)

## Opinber stuðningur

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að framan er stuðningur ríkisins við málefni íslenska hestsins verulegur, en hefur að langmestu leyti snúist um menntun, rannsóknir og þekkingu annars vegar og innviði og aðstöðu hins vegar, þ.e. reiðhallir, mótsstaði og reiðvegi.

Innan þess hluta sem kalla má fag- og fræðasvið eru menntun og rannsóknir studdar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis eins og eðlilegt er, en jafnframt er verulegur stuðningur frá sjávarútvegsútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Þá er starfsemi rekin á vegum Bændasamtakanna sem tengist þessu sviði, einkum starf ráðunautar og rekstur alþjóðlegs gagnagrunns sem nefnist World Fengur.

Menntun í hestafræðum fer fram í Hólaskóla - háskólanum að Hólum, þar sem þessi námsgrein er ein aðalnámsgrein skólans sem rekur jafnframt hrossakynbótábú og stundar rannsóknir. Auk þess er kennsla í hestamennsku í Landbúnaðarháskóla Íslands að Hvanneyri og samstarf er milli háskólanna í þessu efni. Kennsla á þessu sviði fer fram í a.m.k. 4 framhaldsskólum.

Á sviði aðstöðu og innviða eru það einkum sjávarútvegsútvegs- og landbúnaðarráðuneyti sem hafa styrkt byggingu reiðhalla og mótsstaða, en innanríkisráðuneyti hefur styrkt gerð reiðvega. Á þessu sviði verður ekki annað séð en myndarlega hafi verið að málum staðið.

Auk þess sem hér greinir hafa sveitarfélög styrkt gerð reiðvega og komið að hestamennsku með margvíslegum öðrum hætti.

Spurningin í þessu sambandi er hvort eðlilegt sé að horfa á opinberan stuðning að þessu leyti með heildstæðum hætti til þess að hann nýtist sem best til þess að þjóna þeim miklu hagsmunum sem tengjast íslenska hestinum og áður hefur verið dregið á.

## Notkun og ræktun

Á 20. öldinni hefur mikil breyting orðið á notkun hestens úr því að miðast fyrst og fremst við landbúnað og samgöngur í að vera hluti af einni fjölmennustu íþrótt- og tómstundaiðkun Íslendinga. Þessi þróun breytir hins vegar ekki því að ræktun hrossa fer að mestu fram á bújörðum og telst eftir sem áður landbúnaðarstarfsemi.

Ræktun og notkun eru hins vegar nátengd og um hríð hafa verið uppi skiptar skoðanir í félagslegu baklandi íslenska hestsins á hvers forræði þróun og eftirlit í ræktunarmálum skuli vera. Auk ræktenda sjálfra, sem eru innan vébanda Félags hrossabænda, eru það skólarnir sem tengjast ræktun, en þeir eru á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt eru Bændasamtök Íslands með World Feng og hrossaræktarráðunaut á sínum vegum sem koma að ræktunarmálum. Nýlega var gerð sú breyting að Landssamband hestamannafélaga fékk aðild að fagraði í hrossarækt, en um nokkurt skeið höfðu þau samtök ekki haft beina aðild að ræktunarmálum.

Eins og áður hefur verið nefnt, er þessu þannig farið í samstarfsfélögum erlendis, að í hverju landi er starfandi eitt félag um íslenska hestinn sem hefur bæði með ræktun og notkun að gera, en aðild Íslendinga að þessum samtökum er hins vegar tvíþætt af ofangreindum ástæðum.

Samkvæmt því sem fram kemur í upplýsingum frá FEIF er fjallað formlega um ræktunarmál íslenska hestens og margskonar kvarða sem lúta að þeim málum. Það virðist því svo sem þessi mál séu í vaxandi mæli að færast á alþjóðlegan vettvang svo sem eðlilegt er í ljósi þess að íslenski hesturinn er nú ræktaður víða um heim. Spurningin er hins vegar hvaða hlutverk Íslendingar ætla sér í þessari heimsmynd.



# Niðurstaða og nokkrar spurningar

Í framhaldi af öllu ofangreindu er það niðurstaðan af þessum athugunum að full ástæða er til þess að fara nánar yfir heildarumgjörð hestamennsku á Íslandi og þá hagsmuni sem henni fylgja og hvernig best verði staðið að málum til framtíðar. Flækjustig er töluvert og að nokkru leyti óhjákvæmilegt en hætta er á að yfirsýn yfir heildarhagsmuni sé ekki nægilega skýr.

Með því að hvetja til umræðu um málið er ekki verið að halda því fram að það hafi í för með sér að einhver ný og áður óþekkt sannindi komi upp á yfirborðið. Líklegt er hins vegar að slík umræða geti skapað samstöðu þeirra sem að málum koma um að halda til haga mörgu af því sem nú er gert, enda sé það vel gert. Jafn líklegt er að samstaða skapist um að breyta öðru til þess að þjóna betur heildarhagsmunum.

Meginatriðið er að allir hagsmunaaðilar komi að borðinu í þeirri umræðu í þeim tilgangi að móta og öðlast sameiginlega sýn á þennan málaflokk. Sýn sem byggist á gagnkvæmum skilningi á helstu áhrifaþáttum og stefnumörkun til þess að nýta þá þætti til góðs.

Í ljósi þess að töluverðir fjármunir fara til þessa málaflokks, einkum á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis er ekki óeðlilegt að frumkvæðið komi þaðan. Þessi mál hafa áður verið rædd innan vébanda félaganna þriggja sem starfs á sviði hrossaræktar og hestamennsku, nú síðast fyrir um 3 árum, en þær hafa ekki skilað ákveðnum niðurstöðum.

Í þessu sambandi má velta fyrir sér eftirfarandi spurningum:

- Hverjir eru hagsmunirnir – hvað er í húfi þegar á heildina er litið?
- Hvernig er best háttað samspili stjórnsýslu, stofnana og hagsmunaaðila?
- Er ástæða til þess að sameina þessa aðila frekar eða móta nýjan vettvang út frá sameiginlegri sýn á framtíðarstarfsemi?
- Hvernig er best staðinn vörður um hagsmuni Íslands gagnvart FEIF?
- Er ástæða til þess að skoða frekar verkaskiptingu og fyrirkomulag í rannsóknum, námi, fræðslu og leiðbeiningarþjónustu, svo eitthvað sé nefnt?

# Inntak hugsanlegra breytinga

Mikilvægt er að fram fari umræða meðal hagsmunaaðila um. Bent hefur verið á ýmis tilefni til þess að móta stefnu um framtíðarumgjörð hrossaræktar og hestamennsku á Íslandi. Á þessu stigi er ekki fyrirfram gengið út frá tilteknum breytingum, en mikilvægt er að ræða álitamálin sem uppi eru og ná samstöðu um sameiginlegt markmið með uppbyggingu þessa málaflokks.

Slíkt sameiginlegt markmið hlýtur að miða að því að tryggja forystu Íslands á alþjóðavettvangi í ræktun og notkun íslenska hestsins út frá nútímaþörfum hestamanna. Með því verði best nýtt tækifærin sem í því felast að byggja upp öfluga starfsemi í kringum menntun og rannsóknir og ræktun sem hefur alþjóðlega skírstotun.

Jafnframt er mikilvægt að það sé sameiginlegur skilningur allra að grundvöllur þessa markmiðs byggist á þeim sterku ítökum sem hesturinn á í menningu og þjóð og þeirri öflugu grasrót sem felst í félagsstarfsemi á sviði íþróttar og tómstunda. Notkun íslenska hestsins er nú þegar að langmestu leyti bundin íþróttum og tómstundum og svo verður áfram um fyrirsjáanlega framtíð. Þess vegna hlýtur sú starfsemi að vera grundvöllurinn að öllu öðru í þróun og uppbyggingu til þess að nýta tækifærin á þessu sviði.

Eftirfarandi eru nokkur atriði sem að mati skýrsluhöfundar virðast blasa við:

1. Að mynda sterkt sameiginlegt afl í félagslegri umgjörð, þar sem samstaða ríkir um meginmarkmið og málflutning gagnvart samstarfsaðilum erlendis
2. Að einfalda sem mest má verða stjórnarsýsluumgjörð og móta sameiginlega opinbera stefnu um þróun mála.
3. Að tryggja að fjármunir og aðstaða á vegum hins opinbera nýtist sem allra best til þess að skapa sterka umgjörð um þekkingu, rannsóknir ræktun og iðkun.
4. Að standa vörð um forystuhlutverk Íslands og almenna stöðu sem upprunaland íslenska hestsins og nýta tækifæri sem því tengjast s.s. uppbyggingu þekkingar, rannsókna og almennrar verðmætasköpunar.